

Samfélagsgreinar

1.-4. bekkur

Samfélagsgreinakennsla í 1.-4. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá .

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptast samfélagsgreinar í eftirfarandi þætti, reynsluheim, hugarheim og félagsheim.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan annars vegar fyrir verklag og hins vegar fyrir viðfangsefni.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 4. bekkjar.

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning:

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu. Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga. Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum. Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa. Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir. Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi. Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra. Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu. Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.</p>	<p>Átti sig á umhverfi sínu. Virðing, umhyggja, sáttfýsi</p> <p>Nærsamfélag</p> <p>Orsök og afleiðing Staða Íslands í heiminum</p> <p>Saga heimabyggðar og tenging við önnur svæði</p> <p>Aflað sér og nýtt upplýsingar upp úr námsgögnum og miðlum</p> <p>Stjórnskipulag</p> <p>Náttúruhamfarir; t.d eldgos,veðurfar, jarðskjálfti Samspil manns og náttúru</p> <p>Tækni í umhverfinu</p> <p>Náttúruvernd Notkun landakorta Atburðir og persónur á völdum tímum Upplýsingalæsi</p>	<p>Fjölbreytt verkefni</p> <p>Vettfangsferðir</p> <p>Umræður</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Upplýsingaleit</p>	<p>„Komdu og skoðaðu“ bókaflokkurinn</p> <ul style="list-style-type: none"> - umhverfið - líkaminn - hafið - land og þjóð - fjöllin - himingeiminn - landnámið - tæknina <p>Kortabækur</p> <p>Ýmsar fræðibækur</p> <p>Veraldarvefurinn</p> <p>Námsvefir</p> <p>Trúarbrögðin okkar</p> <p>Fjölbreytt verkefni sem tengjast viðfangsefni námssviðsins</p>

<p>Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.</p> <p>Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.</p> <p>Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.</p> <p>Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.</p> <p>Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.</p> <p>Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.</p> <p>Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni</p> <p>Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.</p> <p>Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.</p> <p>Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.</p> <p>Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.</p> <p>Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.</p> <p>Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.</p> <p>Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.</p> <p>Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu.</p> <p>Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.</p>	<p>Þættir sem hafa áhrif á mannlífið í tímans rás</p> <p>Sagt frá sögu fjölskyldu og heimabyggðar</p> <p>Áttað sig á fjölbreytni fjölskyldugerða</p> <p>Áttað sig á sögu þjóðarinnar í gegnum muni og minningar.</p> <p>Mismunandi siðir og venjur</p> <p>Tenging trú, lífsviðhorfi og athafna.</p> <p>Trúarhátíðir</p> <p>Samfélagsleg áhrif Biblíunnar</p> <p>Trúarlegar vísanir</p> <p>Borgaravitund</p> <p>Mikilvægar stofnanir</p> <p>Samhjálp</p> <p>Fjármálalæsi</p> <p>Slysavarnir</p>		
--	--	--	--

Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum:

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans. Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. Sett sig í spor annarra jafnaldra. Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.</p>	<p>Sjálfsmynd/sjálfsvirðing Kynhlutverk Þekking á eigin styrkleikum Fyrirmyndir Tilfinningaþroski Líkaminn Umhverfisvitund og sjálfsþekking Réttlæti Samkennd Markmiðasetning</p>	<p>Fjölbreytt verkefni Bekkjarfundir Umræður Hlutverkaleikir</p>	<p>Komdu og skoðaðu líkamann Jákvæður agi Ýmis lífsleikni verkefni sem tengjast viðfangsefni námssviðsins (gildi) Vinátta (Blær)</p>

Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins. Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</p>	<p>Taka þátt í umræðum Ólíkar fjölskyldugerðir og virðing fyrir þeim</p> <p>Hlustað og borið virðingu fyrir skoðunum annarra Þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna</p> <p>Tjáð þekkingu og viðhorf Jafnrétti í samskiptum Tilitssemi og virðing í samskiptum Afleiðing athafna Samskiptareglur, skráðar og óskráðar Málefni nærsamfélagsins Tillitssemi og umhyggja</p>	<p>Fjölbreytt verkefni</p> <p>Bekkjarfundir</p> <p>Umræður</p> <p>Hlutverkaleikir</p>	<p>Jákvæður agi</p> <p>Ýmis lífsleikni verkefni sem tengjast viðfangsefni námssviðsins (gildi)</p> <p>Vinátta (Blær)</p>